

## Tillaga til þingsályktunar

um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp.

Flm.: Jón Bjarnason, Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Einar K. Guðfinnsson,  
Lilja Mósedóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Þór Saari, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að lagður skuli heilsársvegur norður í Árneshrepp, þ.e. eftir Strandavegi (643) í Norðurfjörð. Meginframkvæmdir eigi sér stað á næstu fjórum árum en vinnunni ljúki á gildistíma samgönguáætlunar. Framkvæmdir við umrædda vegarlagningu bætist við þær sem fyrir eru í þingsályktunartillögum um fjögurra ára samgönguáætlun 2011–2014 (þskj. 533, 392. mál) og um samgönguáætlun 2011–2022 (þskj. 534, 393. mál). Reynist ekki unnt að hliðra til með fullnægjandi hætti innan þeirrar samgönguáætlunar sem hefur verið lögð fyrir þingið verði fjárhagsrammi samgönguáætlana aukinn sem því nemur, þannig að markmið um heilsársveg í Árneshrepp náist.

### Greinargerð.

Með þessari tillögu er ætlunin að fylgja eftir ályktunum Alþingis um aðgerðir til að standa vörð um byggð í Árneshreppi á Ströndum.

Árið 2003 samþykkti Alþingi samhljóða svohljóðandi þingsályktun um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, en fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu var Einar K. Guðfinnsson: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu og leita eftir viðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.“

Í nefndarálit umhverfisnefndar var eftirfarandi rökstuðning fyrir samþykkt tillögunnar að finna: „Nefndin telur að stuðla eigi að verndun þess menningararfs sem felst í búsetu og búsetuminjum í jaðarbyggðum Íslands. Við umfjöllun málsins var bent á að jaðarbyggðir landsins endurspegli mjög vel tengsl þjóðarinnar við landið í aldanna rás og með hvaða hætti þjóðin nýtti sér til lífsviðurværis. Því væru þær afar mikilvægur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar. Árneshreppur á Ströndum er á margan hátt einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, nokkuð þéttbýll, auk þess sem þar er að finna fjölbreyttar minjar um búsetu, atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar.“

Með samþykkt Alþingis á þessari tillögu sýndi Alþingi stefnumarkandi vilja sinn og jafnframt voru skapaðar væntingar hjá íbúunum um að hugur fylgdi máli af hálfu Alþingis. Í framhaldi af samþykkt þessarar tillögu var m.a. veitt nokkurt fé til stuðnings uppbyggingu ferðaþjónustu, viðgerð húsa og uppbyggingu safna í hreppnum. Jafnframt var unnið að því að vegurinn norður í Árneshrepp færi inn á samgönguáætlun og yrði unninn í áföngum. Unnið var að uppbyggingu vegarins frá Bjarnarfirði og norður Bala sem var mikil samgöngubót.

Að öðru leyti hefur áætlunin ekki gengið eftir sem skyldi og áframhaldandi vegabótum slegið á frest. Á 130. löggjafarþingi sagði þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson: „Ég segi fyrir mitt leyti að ég er sammála því mati Alþingis sem er mjög sértækt að gera sérstaka

ályktun um þetta sveitarfélag eitt og sér. Um það var samstaða hér. Ég tel að þetta sveitarfélag, mannlífið þar, forsagan öll, hafi mikla og sérstaka þýðingu og því sé ekki bara verjandi heldur æskilegt að við sameinumst um það og stuðlum öll að því að það megi vernda það mannlíf og samfélag sem þarna er um að ræða. Ég vil fyrir mitt leyti [...] lýsa því yfir að ég mun styðja við málið eins og ég get úr forsrn. a.m.k. meðan ég sit þar. [...] Ég tel að sú samstaða sem náðist um þáttill. hafi verið afar sérstæð í þinginu og mikilvæg þannig að ríkisvaldið í hvaða mynd sem það er statt hefur hvorki efni né ástæðu til að draga lappirnar hvað þetta mál varðar.“

Vetri síðar, á 131. löggjafarþingi, tók þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, í sama streng og lagði áherslu á samgöngubætur á umræddu svæði: „Ég vil fyrir mitt leyti, miðað við þá þekkingu sem ég hef á aðstæðum í Árneshreppi, segja að ég tel uppbyggingu vegakerfisins mikilvægasta af öllu. Það er víða mjög slæmt. Ég veit ekki til þess að það hafi verið sérstakt forgangsverkefni í Norðvesturkjördæmi. Ég tel að þar þurfi að verða breyting á. Ég hef farið þarna um nokkrum sinnum og tel að hluta til séu vegarkafar á þessu svæði með eindæmum, miðað við það sem annars staðar gerist á byggðu bóli. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt, ekki bara út af byggðinni heldur líka út af aðgangi ferðamanna að þessu svæði. Þetta svæði er ein af mestu náttúruperlum þessa lands og jafnframt tel ég að ýmislegt sem varðar menningu og menntun á svæðinu, eins og fjarnám og annað slíkt, eigi að hafa forgang.“

Í umræðum um fyrirspurn af sama tilefni á 135. löggjafarþingi fór þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, yfir þær aðgerðir sem ráðist hefði verið í til þess að fylgja þingsályktun eftir sem Alþingi hafði samþykkt einróma nokkrum árum áður: „Á undanförunum árum hefur verið unnið að uppbyggingu svokallaðs Strandavegar sem liggur frá botni Steingrímsfjarðar allt norður til Norðurfjarðar í Árneshreppi. Á næsta ári verður varið tæpum 100 millj. kr. til þeirra framkvæmda og verður þá uppbyggður vegur kominn norður fyrir Kaldbak. Á árunum 2009–2010 verður 60 millj. kr. varið til uppbyggingar vegar yfir Veiðileysuháls. Sú samgöngubót mun gagnast íbúum Árneshrepps verulega. Við afgreiðslu fjárlaga ársins 2007 var samþykkt að veita 5 millj. kr. til Árneshrepps og lá þar m.a. til grundvallar fyrrnefnd greinargerð nefndarinnar um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.“

Nú á þessu löggjafarþingi lögðu Ásmundur Einar Daðason o.fl. fram þingsályktunartillögu um snjómokstur í Árneshreppi (þskj. 950, 607. mál) þar sem lagt er til að tryggt verði að Vegagerðin annist eða greiði fyrir nauðsynlegan snjómokstur við veg 643, Strandaveg, tvo daga í viku. Í rökstuðningi fyrir þeirri tillögu er vikið að því hvað slæmt ástand vega hafi neikvæð áhrif á byggðina í Árneshreppi, sem sé landmikill en um leið fámennasta sveitarfélag á landinu. Aðeins einn vegur liggir í hreppinn og því sé erfitt fyrir íbúana, sem eru rúmlega 50 að tölu, að sækja sér grunnþjónustu á veturna, auk þess sem það geri t.a.m. uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu örðugari. Tillaga um bættan snjómokstur eftir Strandavegi sé því aðeins hugsuð sem „tjónstakmörkun“ af hálfu flutningsmanna.

Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram er lagt til að Alþingi taki þá pólitísku ákvörðun að á næstu fjórum árum verði lokið að mestu gerð heilsársvegar norður í Árneshrepp. Verkinu verði að fullu lokið á næstu átta árum. Vegagerðin verði nú þegar beðin um að vinna framkvæmdaáætlun sem miði að því að svo verði. Lagt er til að vegurinn verði almennt einbreiður, þ.e. 4 m breiður, með góðum útskotum. Jafnframt er lögð áhersla á að sveitarfélagið sé stutt til þess að hraða og ljúka skipulagi sem lýtur að þessari vegagerð. Sveitarfélagið hefur nú þegar samþykkt fyrir sitt leyti að veglínan liggir um Veiðileysuháls en ekki fyrir

Kamb. Í þessari tillögu er enn fremur lagt til að verkið verði látið njóta sérstöðu í heildargerð og fjármögnun samgönguáætlunar og ramma hennar rýmkaður fjárhagslega vegna þessa svo verkið nái fram að ganga á þessum tíma. Íbúar þar hafa sýnt mikinn dugnað og frumkvæði í að byggja upp stoðgreinar eins og ferðaþjónustu með hefðbundnum búskap og trilluúitgerð. Talið er að um tíu þúsund manns hafi heimsótt svæðið árlega yfir sumartímam. Hins vegar er nú komið að þolmörkum áframhaldandi heilsársbúsetu og mikilvægt að Alþingi, fyrir hönd þjóðarinnar, komi nú að með myndarlegum og afdráttarlausum hætti og leggi sitt af mörkum til að tryggja byggð og heilsársbúsetu í Árneshreppi. Að öðrum kosti verður Alþingi að senda þau skilaboð til íbúanna að ekki standi til að gera heilsársveg norður í Árneshrepp í sjáanlegri framtíð með þeim afleiðingum sem það kann að hafa fyrir framtíð byggðarlagsins.

## Fylgiskjal I.

### **Þingsályktun um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.

Samþykkt á Alþingi 15. mars 2003.

## Fylgiskjal II.

### **Nefndarálit frá umhverfisnefnd um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.**

(Þskj. 1304, 55. mál á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Nefndin hefur fjallað um málið og bærust umsagnir um það frá Bændasamtökum Íslands, Landvernd, oddvita Árneshrepps og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf.

Nefndin telur að stuðla eigi að verndun þess menningararfs sem felst í búsetu og búsetu-minjum í jaðarbyggðum Íslands. Við umfjöllun málsins var bent á að jaðarbyggðir landsins endurspegli mjög vel tengsl þjóðarinnar við landið í aldanna rás og með hvaða hætti þjóðin nýtti sér gæði þess sér til lífsviðurværis. Því væru þær afar mikilvægur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar.

Árneshreppur á Ströndum er á margan hátt einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, nokkuð þéttbýll, auk þess sem þar er að finna fjölbreyttar minjar um búsetu, atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Ísólfur Gyłfi Pálmason, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.  
Þórunn Sveinbjarnardóttir.  
Katrín Fjeldsted.  
Gunnar Birgisson.  
Ásta Möller.

### Fylgiskjal III.

#### **Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, varðandi þingsályktun um samgönguáætlun 2011–2022, samþykkt á fundi stjórnar 20. febrúar 2012.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir ánægju með þær yfirlýsingar ráðamanna að ástand samgöngumála í fjórðungnum kalli á verulegar úrbætur umfram aðra landshluta. Vestfirðir eru nú eini landshlutinn sem ekki hefur fengið nútímalegar vegabætur á milli helstu þéttbýlisstaða eða til að tengja öll byggðarlög aðalþjóðvegakerfi landsins. Ný samgönguáætlun, sem ástæða er til að fagna að loks hafi verið lögð fram, verður að taka mið af þessari staðreynd, ef stjórnvöld vilja uppfylla markmið um greiðar samgöngur og jafnræði þegna landsins. Með því að verkefnið á Vestfjörðum verði sett í forgang í samgönguáætlun má best tryggja að orðum um forgang Vestfjarða í samgöngumálum fylgi efndir.

Af þessari ástæðu hvetur Fjórðungssamband Vestfirðinga þingmenn til að, annarsvegar að standa fast að áætlunum um að klára vegagerð um Austur-Barðastrandarsýslu, og hinsvegar að flýta mikilvægum framkvæmdum í samgöngumálum Vestfjarða, til að tengja saman þéttbýlisstaði og byggðir. Þar er mikilvægast að tengja Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu og að tengja Árneshrepp við þjóðvegakerfi Strandarsýslu. Dýrafjarðargöng og vegur um Dynjandisheiði hafa verið færð aftast í samgönguáætlun til áranna 2019–2022. Hið sama gildir um nýframkvæmdir á Veiðileysuhálsi sem áætlaðar eru á árabílinu 2019–2022 og Bjarnarfjarðarhálsi á árabílinu 2015–2018, á leiðinni frá Steingrímsfirði og norður í Árneshrepp. Þessar framkvæmdir verða að færast framur í röðinni, til að hægt sé að spyrna við fótum gegn óhagstæðri byggðapróun eða jafnvel falli byggða á svæðinu. Tvöfalda þarf framlög til vegamála á Vestfjörðum á tímabilinu 2013–2018, til að það verði að veruleika. Þá fyrst verður hægt að tala um að Vestfirðir njóti einhverskonar forgangs á næstu árum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur Alþingi Íslendinga til að taka samgönguáætlun til gagnarrar skoðunar og færa fram þær mikilvægu úrbætur sem Vestfirðingar hafa beðið eftir um langt árabíli. Þetta þarf að fjármagna á næstu 5–7 árum til að uppfylla markmið um jafnræði allra þegna landsins. Vestfirðingar horfa til samgönguyfirvalda og Alþingis um liðsinni í þessu mikilsverða máli fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum.

Fylgiskjal IV.**Erindi frá Árneshreppi.**

Samgöngunefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Árneshreppi 12. janúar 2012

**Efni: Athugasemd vegna samgönguáætlun 2011-2020**

392. mál

Í samgönguáætlun sem búið er að birta er Strandavegur nr. 643 (Veidileysuháls) kominn á áætlun 2019-2022, sem mun þýða óbreytt ástand í heilsárssamgöngum við Árneshrepp næstu 10 ár. Næstu vekefni á þessari leið munu þá dragast langt fram undir miðja þessa öld. Sú staða er algerlega óviðunandi fyrir sveitarfélagið. Hreppsnefnd Árneshrepps fer þess á leit við Alþingi að það taki þessar tillögur til endurskoðunar þegar þing kemur saman og fjallað verður um samgönguáætlunina og þetta verði fært til betri vegar fyrir Árneshrepp og framkvæmdir hefjist við uppbyggingu vegarins yfir Veidileysuháls á árunum 2011-2014.

Á þingmannafundi sem haldinn var á Hólmavík í lok október með sveitarstjórnunum á öllum Vestfirðum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga kom skýrt fram hjá öllum að þessi staða í samgöngumálum hreppsins væri algjörlega óviðunandi, og var það eindreginn vilji þingmanna og ráðherra sem þarna mættu að úr þessu yrði að bæta við gerð nýrrar samgönguáætlunnar og er það eindregin von sveitarstjórnar að allir sem að þessum málum koma með einum eða öðrum hætti, beiti sér fyrir því að færa fyrsta skrefið við uppbyggingu vegarins yfir Veidileysuháls á 1. tímabil, það er 2011-2014.

Nýr vegur um Veidileysuháls var inni á fyrri samgönguáætlun, en var þurrkaður út við efnahagshrunið. Það eru engin rök fyrir því að vegurinn fyrir norðan hreppamörk Kaldrananes- og Árneshrepp verði settur á ís um ókomna framtíð þó að efnahagshrun hafi orðið. Það væri mikið slys ef svo færi, en hreppsnefnd trúir því og treystir að svo verði ekki. Verndun og búseta Árneshrepps var þingsályktunartillaga sem flutt var á Alþingi 15. mars 2003 og samþykkt. Í framhaldi af því skipaði ríkisstjórnin nefnd sem skilaði skýrslu sem kom út í nóvember 2004. "Árneshreppur á Ströndum, tillögur nefndar um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags." Í tillögum nefndarinnar var lögð þung áhersla á bættar vegasamgöngur og öflugt fjarskiptasamband til að treysta byggð og auka möguleika á atvinnusköpun. Þarna er vitnað í svar Geirs H. Haarde forsætisráðherra þann 7. nóv. 2007 við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar hvað liði framkvæmd þessara tillagna. Árin 2008-2010 var sett upp háhraðanettenging fyrir Árneshrepp og var það gert í tíð fyrrverandi samgönguráðherra þeirra Sturlu Böðvarssonar og Kristjáns Möllers og ber að þakka það.

O.P.  
G.S.  
B1  
EB  
GAA.

Hreppsnefnd Árneshrepps vonast jafnframt til að núverandi ráðherra samgöngumála Ögmundur Jónasson bregðist við með sama hætti hvað varðar bættar vegasamgöngur sem er gríðarlega miklægt.

Hreppsnefnd Árneshrepps vill áréttta sérstaklega að færa Strandaveg nr. 643 úr svo kallaðri G-reglu í snjóokstri, sem er þjónusta tvisvar í viku vor 20. mars og til haust 01. nóvember, háð snjóalögum, upp í F-reglu sem yrði þjónusta tvisvar í viku allan veturinn. Þessi beiðni hefur ítrekað verið send til Vegagerðarinnar og einnig lögð fyrir á fundum með sveitarstjórn og Vegagerð.

Svarið hefur alltaf verið það sama þessi vegur er tæpast þjónustufær og til að fá hann þjónustufæran þarf að byggja veginn upp. Það er pólitísk aðgerð. Það er alveg víst að sú krafa verður alltaf uppi frá íbúum hreppsins að þessi vegur verði þjónustaður. Rétt er að geta þess að í nóvember 2009 voru settar snjóokstur-sreglur sem heimiluðu okstur einu sinni í viku frá 01. nóvember til 05. janúar og ber að þakka það.

Hreppsnefnd Árneshrepps skorar á ráðherra, samgöngunefnd Alþingis, þingmenn kjördæmisins og alla sem að þessu máli koma að bregðast við því samgönguleysi sem Árneshreppur býr við í dag hvað varðar landsamgöngur.

Vísað er í áður send erindi á Samgönguráð vegna samgönguáætlun dagsett 9. maí 2011 og 28. október 2011.

Virðingarfyllt

Oddviti Árneshrepps

*Oddný J. Þórtaradóttir*

*Óna Sigurbjörnsdóttir* *Fingólfur Benediktsson*  
*Þjórn Torfasar* *Þórunn Magnúsdóttir*

Afrit sent:  
 Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra  
 Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri  
 Fjórðungssamband Vestfirðinga  
 Þingmenn NV-kjördæmis  
 Fjölmiðlar



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1420  
komudagur 5.3.2012

Hreppnefnd Árneshrepps á fund hjá samgöngunefnd mánudag 5. mars 2012 kl. 11.00

Ástand samgöngumála við Árneshrepp er verulegt áhyggjuefni.

Heilsársvegasamgöngur við Árneshrepp er framtíðin

Færa þarf hreppinn úr G-reglu í snjómokstri upp í F- reglu, til vara sértæk aðgerð

Forgangsverkefni þarf að vera að byrja á að byggja upp erfiða kafla af veginum á fyrirhuguðu framtíðarvegastæði, þar hefur sveitarstjórn alltaf lagt áherslu á Veiðileysuháls sem fyrsta skrefið.

Vegurinn frá Veiðileysukleif og norður á Kjörvog/Gjögur, (kring um Reykjarfjörð sem er um 30 km) var ruddur með jarðýtum á árunum 1960-1965, sá hluti vegarins í Árneshrepp hefur ekkert verið byggður upp síðan og er að mati Vegagerðarinnar ekki talinn þjónustufær yfir veturinn.

Íbúar Djúpavíkur eru innilokaðir frá ca. 5. janúar til 20. mars, geta ekki fengið til sín gesti á hótelið sem er rekið sem heilsárshótel. Eru þau háð velvilja Vegagerðarinnar og Árneshrepps með mokstur til að komast á flug og sækja póst og vörur norður í sveit.

41 íbúi hefur verið að staðaldri í hreppnum í vetur. Lögheimili eiga 52. Í hreppnum eru 42 sumarhús og tvær íbúðir í tveimur þeirra. Flest eru þetta heilsárshús sem eru í eigu brottfluttra, í mörgum tilfellum stórar fjölskyldur sem standa að þeim. Vegna samgangna hefur nýting þessara eigna einskorðast við sumartímann, en þá margfaldast íbúatalan í hreppnum.

Uppbygging ferðaþjónustu hefur verið mikil á undanförunum árum og getur orðið meiri ef skilyrði verða sköpuð fyrir það.

Augljóst má vera að vegur í Árneshrepp er ekki eingöngu fyrir þá sem eiga þar heima, sumarhúsaeigendur, útgerðarmenn og ferðamenn sækja mjög á svæðið.

-Við lítum svo á að vegur í Árneshrepp sé mál þjóðarinnar allrar – hver er sýn samgöngunefndar?

Árneshreppur sækir sína nærþjónustu til Hólmavíkur. Þar er læknirinn, prestur, félagsmálastjóri og sýslumaður. Sorpsamlag er með aðsetur á Hólmavík. Við erum í samvinnu um byggingafulltrúa sem er staðsettur í Búðardal.

-Mjög aukið samstarf sveitarfélaga á Ströndum og Reykhólum annars vegar og síðan á Vestfjarðavísu.

Undirstaða byggðar í Árneshreppi er sauðfjárbúsakapur. Allar byggingvörur og fóður sem bændur þurfa á að halda yfir veturinn þurfa menn að kaupa að hausti til áður en vegur lokast fyrir þungaflutninga og er þetta mjög kostnaðarsamt, áburð fá bændur stundum ekki fyrir en í júní, þegar vegur er orðinn fær fyrir þungaflutninga. Nú er farið að telja fóstur í sauðfé, þetta þarf að gera í febrúar til mars.

Varðandi skólamálin þá er Finnbogastaðaskóli minnsti skóli landsins. Til þess að slíkur skóli geti starfað á eðlilegum forsendum er nauðsynlegt að hann geti átt samstarf við aðra skóla.

Stefna forsvarsmanna Finnbogastaðaskóla hefur verið að sækja hina ýmsu viðburði á Hólmavík og Drangnesi í samstarfi við skólana þar, til að tryggja félagslega þáttinn í skólalastarfinu. Eðli málsins samkvæmt er slíkt óframkvæmanlegt þegar vegurinn er lokaður og flug til Reykjavíkur eina færa leiðin.

Nú mun nemandi úr Árneshreppi stunda nám í 10. bekk á Hólmavík næsta vetur, gefst þeim nemandi tækifæri til að koma heim til sín um helgar, alla vega mun oftast en ef hún væri á Reykjavíkursvæðinu þangað sem flestir fara vegna þess að Reykjavík er okkar næsti nágrenni í gegn um flugið. Flug 2x í viku býður ekki upp á að fá börnin heim um helgar.

Töluverð áskókn hefur verið í að gera út frá Norðurfjarðarhöfn vegna nálægðar við gjöful fiskimið Útgerð þaðan hefur takmarkast við þann tíma sem hægt er að koma afurðum á markað eftir veginum. Grásleppuútgerð hefur verið þó nokkur á vorin og flutningur á aðföngum salti og tunnum og eins að koma verkuðum hrognum á markað hefur verið erfiðleikum háður.

Okkur er þjónað með flugi á mánudögum og fimmtudögum yfir vetrarmánuðina. Allir flutningar takmarkast af stærð flugvélar og alls ekki hægt að flytja alla vöruflokka með flugvélum. ( T.d. rafgeymar, málning, olíuvörur og flugeldar). Á sumrin er þetta ein flugferð í viku. Flugíð þjónar okkur vel svo langt sem það nær. Flugvöllurinn á Gjörgi er malarvöllur sem þarfnast viðhalds, sem ekki er gert ráð fyrir í samögnuáætlun 2011-2022. – Gengur það upp?

-Boð síðdegis á fimmtudegi um að mæta á fund á mánudagsmorgni, hefði ekki gengið nema af því vegurinn var opnaður.

Í drögum að samgönguáætlun 2011-2022 eru Markmið um greiðar samgöngur. Þar kemur fram að "greiðar samgöngur eru fyrst og fremst áreiðanlegar samgöngur þ.e. einstaklingar og vörur komist ávallt leiðar sinnar á öllum árstímum." Einnig er lögð mikil áhersla á almenningssamgöngur, en þá þurfa farþegar að komast í veg fyrir rútu á Hólmavík.

Heilsársvegur í Árneshrepp – Strandavegur nr. 643 – er forsenda þess að tryggð verði áfram blómleg byggð í Árneshreppi á Ströndum.

- Hvað segið þið, er það ekki vilji þjóðarinnar/ alþingis að halda landinu í byggð?

Það er mikill drifkraftur í Árneshreppi og vilji til að byggja upp, en það er samgöngunefndar og á endanum Alþingis að ákveða hvort af því verður, nútíma samgöngur er forsenda!

Það verður gríðarlegt áfall fyrir íbúa Árneshrepps ef ekki verður byrjað að vinna í veginum á tímabilinu 2011-2014.

Hreppsnefnd Árneshrepps

Oddný S. Þóðardóttir      Eva Sigurbjörnsdóttir

Guðlaugur Ágústsson, Ingólfur Benediktsson, Björn Torfason



Fylgiskjal V.**Erindi frá Kaldrananeshreppi.**

Samgöngumálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

392. mál

Efni: Ályktun um vegamál.

Á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps sem haldinn var þann 15. febrúar s.l var eftirfarandi ályktun samþykkt.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps lýsir ánægju með þær yfirlýsingar ráðamanna að ástand samgöngumála á vestfjörðum kalli á verulega aukid átak í samgöngumálum umfram aðra landshluta. Árneshreppur næsta sveitarfélag norðan Kaldrananeshrepps er eina sveitarfélag landsins sem ekki býr við vegasamband stóran hluta ársins. Meðal annars með því að verkefni á Bjarnarfjarðarhálsi og Veiðileysuhálsi séu sett í forgang má tryggja að orðum fylgi efndir

Miðað við framlagða samgönguáætlun sér þess ekki stað..

Bjarnarfjarðarháls er settur á annað tímabil 2015-2018 og Veiðileysuháls á þriðja tímabil langt í fjarska 2019-2022 með þessu er stuðlað að falli byggðar í Árneshreppi og nánast gert út af við ferðapjónustu bæði í Árneshreppi og Bjarnarfirði sem verið hefur byggð upp af mikilli bjartsnýni á síðustu árum meðal annars vegna jákæðra orða ráðamanna sem síðan hefur reynst hjóm eitt.

Nýr vegur yfir Bjarnarfjarðarháls ásamt nýrri brú yfir Bjarnarfjarðará var tilbúinn til úboðs haustið 2008.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps krefst þess að þessi verkefni verði færð framár á samgönguáætlun.

Virðingarfyllt

Drangnesi 16.2.2012

Fh Kaldrananeshrepps

Jenny Jensdóttir, þoddviti

KALDRANANESHREPPS

Afrit: Þingmenn Norðversturkjördæmis

Kaldrananeshreppur  
Holtagötu  
520 – DRANGNESI.

Sími 451 3277  
Bréfsími 451 3229

Kt. 680169-0719  
Banki 1161 26 107